

From: Árneshreppur arneshreppur@arneshreppur.is
Subject: FW: Hvalárvirkjun, Árneshreppi - Ítrekun
Date: 30 January 2018 at 12:22
To: phb@adlib.is



Hérna koma nokkrir póstar milli mín og skipulagsstofnunar og svo efst póstur til VesturVerks og HS-Orku.
Eva.

From: Árneshreppur [<mailto:arneshreppur@arneshreppur.is>]
Sent: 16. júlí 2015 14:58
To: Gunnar G (gunnar@vesturverk.is); am@hsorka.is
Subject: FW: Hvalárvirkjun, Árneshreppi - Ítrekun

Komið þið sælir Ásgeir og Gunnar.

Ég áframsendi ykkur hér með póst frá Skipulagsstofnun þar sem þeir eru að fara fram á formlega umsögn frá sveitarfélaginu varðandi virkjunarmálin. Getið þið ekki sent okkur einhver „lærð“ stikkorð sem gætu nýst okkur til að skrifa svona umsögn. Mér þætti vænt um ef þið viljið leggja eitthvað til málanna að þið senduð mér einnig póst á netfangið mitt heima; evasig@snerpa.is þar sem ég verð ekki á skrifstofunni fyrr en sennilega á þriðjudag í næstu viku. Ef þið hafið eitthvað staðlað sem við gætum haft til hliðsjónar, verðum við fljót að senda þetta til Skipulagsstofnunar. Ég ætla líka að senda þetta erindi á hina hreppsnefndarmennina svo að ég fæ þá viðbrögð frá þeim ef þau vilja leggja eitthvað til málanna.

Bestu kveðjur frá Árneshreppi,

Eva S.



Eva Sigurbjörnsdóttir
Oddviti
Árneshreppur
S: 451-4001

From: Rut Kristinsdóttir [<mailto:rut@skipulagsstofnun.is>]
Sent: 16. júlí 2015 14:25
To: Árneshreppur
Subject: RE: Hvalárvirkjun, Árneshreppi - Ítrekun

Sæl Eva

Takk fyrir upplýsingarnar, en við þurfum formlega umsögn frá sveitarfélaginu.

Í þessu plaggi sem nú er til kynningar (tillaga að matsáætlun) er lýsing á framkvæmdinni, hvaða þættir það eru í umhverfinu sem talið erg eta orðið fyrir áhrifum og með hvaða hætti á að rannsaka þá og meta hvaða áhrif framkvæmdin mun geta haft á þá.

Því er mjög mikilvægt – sérstaklega þar sem þið þekkið svæðið nú líklega best, að fá frá ykkur hvort þið teljið tilefni til þess að fleiri þættir umhverfisins verði teknir til skoðunar og þá ef þið hafið einhverjar athugasemdir við hvernig standa á að matinu og framsetningu þess. Fins ef hið

þann umhverjar áhragsþann. Þú mætingu á milli og þannig þess. Þú er þú hafið tillögur að útfærslu framkvæmda eða mögulegum valkostum.

Það er mjög æskilegt að ef menn hafa á skoðanir á þessu sem ég rek hér að framan að fá það fram sem fyrst fram, því það er alltaf erfiðara að krefja framkvæmdaraðila um frekari rannsóknir eða að meta nýja valkosti, þegar hann leggur fram næsta plagg sem er frummatsskýrslan og greinir frá niðurstöðum umhverfismatsins.

Ég kem þeim upplýsingum á framfæri við rágjafa framkvæmdaraðilans að umsagnar megi vænta fyrstu vikuna í ágúst, er það raunhæft?

Kveðja, Rut.

p.s.Kveðja til Möggu systur þinnar, frá Svansfélaga ☺

Rut Kristinsdóttir
sviðsstjóri, svið umhverfismats / Division Head, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun / National Planning Agency
Laugavegur 166, 105 Reykjavík, Ísland / Iceland
sími / tel: (+354) 595 4100
rut@skipulagsstofnun.is
www.skipulagsstofnun.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun

From: Árneshreppur [<mailto:arneshreppur@arneshreppur.is>]

Sent: 16. júlí 2015 14:12

To: Rut Kristinsdóttir <rut@skipulagsstofnun.is>

Subject: RE: Hvalárvirkjun, Árneshreppi - Ítrekun

Sæl Rut.

Einmitt vegna sumarleyfa hefur þetta ekki komið inn á fund hreppsnefndar, en næsti fundur verður haldinn annað hvort í lok júlí eða byrjun ágúst. Hreppsnefnd samþykkti hins vegar allt ferli varðandi virkjun Hvalár á sínum tíma og óskaði eftir að virkjunin færi inn á aðalskipulag. Hreppsnefnd fagnar þessum áformum þar sem við teljum að fyrirhugaðar framkvæmdir verði öllum íbúum til hagsbóta.

Er eitthvað sérstakt sem þarf að koma fram í svona umsögn?? Við getum mjög auðveldlega rökstudd stuðning okkar við framkvæmdina, en vildum fá að vita hvort það er eitthvað sérstakt sem við þurfum að láta koma fram. Þannig að allt verði á hreinu.

Bestu kveðjur frá Árneshreppi,

Eva S.



Eva Sigurbjörnsdóttir

Oddviti

Árneshreppur

S: 451-4001

From: Rut Kristinsdóttir [<mailto:rut@skipulagsstofnun.is>]
Sent: 16. júlí 2015 11:04
To: arneshreppur@arneshreppur.is
Subject: Hvalárvirkjun, Árneshreppi - Ítrekun

Ágætu viðtakendur

Skipulagsstofnun óskaði umsagna ykkar þann 24. júní sl. þar sem veittur var frestur til 13. júlí til að skila inn umsögn. Ég geri mér grein fyrir að sumarleyfi eru víða í hámarki og mögleg skýring á því að umsagnir skili sér ekki innan tímamarka. Hins vegar er þá mikilvægt að ég fái upplýsingar um hvenær þeirra er að vænta, þannig við getum upplýst framkvæmdaraðilann um gang málsins og þá þær tafir sem geta þá orðið á ákvörðun frá Skipulagsstofnun um málið.

Kveðja, Rut

Rut Kristinsdóttir
sviðsstjóri, svið umhverfismats / Division Head, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun / National Planning Agency
Laugavegur 166, 105 Reykjavík, Ísland / Iceland
sími / tel: (+354) 595 4100
rut@skipulagsstofnun.is
www.skipulagsstofnun.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun

